

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 392/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ómari Erni Grímssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni til Hæstaréttar. Af hálfu ákærvalds var áfrýjað með stefnu 8. júlí 1994 til þyngingar refsingu, að því er hann varðar. Aðrir ákærðu hafa ekki áfrýjað.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða og refsíákvörðun svo og um sakarkostnað hans.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Ómar Örn Grímsson.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1994.

Ár 1994, föstudaginn 8. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 80/1994: Ákærvaldið gegn Ómari Erni Grímssyni, A, B, C og D, sem tekið var til dóms 17. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 1. febrúar og 10.

mars sl., gegn ákærðu, Ómari Erni Grímssyni, Grýtubakka 6, fæddum 9. júní 1961, fæðingarnúmer 477, A [...], B [...], C [...] og D [...].

Með ákæru, dagsettri 1. febrúar sl., höfðar ríkissaksóknari málið á hendur öllum ákærðu „fyrir þjófnað, rán og skjalafals á árinu 1993“.

I.

Ákærðu Ómari Erni og B eru gefin að sök tvö innbrot og þjófnaðir í Kópavogi sem hér greinir:

1. Aðfaranótt mánudags 30. ágúst brotist inn í starfsstöð fyrirtækisins Hópfæðabíla Helga Péturssonar hf., Smiðjuvegi 40, og stolið þar um 320.000 kr. í peningum og útfylltum tékkum, 1.000 bandarískum dollurum, tveimur tékkheftum frá Sparisjóði Ólafsvíkur, einu tékkhefti frá Sparisjóði Kópavogs og ýmsum skjölum.

2. Aðfaranótt fimmtudags 16. september brotist inn í Efnissöluna hf. og Timburland hf., Smiðjuvegi 11, og stolið þar úr peningaskáp þremur viðskiptavíxlum, að fjárhæð tæplega 350.000 kr., innstæðulausum tékka, að fjárhæð 30.000 kr., og ýmsum skjölum, sem í skápnum voru, tveimur útskornum tréstyttum af fílum, áætlað verðmæti beggja 100.000–200.000 kr., og snjósleðagalla úr leðri, hjálmi og kuldaskóm, samtals að verðmæti um 117.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærðu verði dæmd til að greiða þeim skaðabætur sem hér greinir:

Um ákærulið I.

Sérleyfisbílar Helga Péturssonar hf., 396.700 kr. og 1.000 Bandaríkjadalir. Tryggingamiðstöðin hf., Aðalstræti 6–8, Reykjavík, 503.748 kr. ásamt vöxtum frá 16. september 1993 til greiðsludags.

Málavextir.

Ákæruliður I.

1.

Mánudaginn 30. ágúst sl. kl. 6.41 var lögreglu tilkynnt um innbrot í fyrirtækið Hópfæðabílar Helga Péturssonar að Smiðjuvegi 40, Kópavogi. Segir í lögregluskýrslu, að farið hafi verið inn um viftugat á austurhlíð hússins með því að brjóta fimm viftuspaða. Farið var inn á skrifstofu og peningaskápur, sem boltaður var við gólfíð, sprengdur upp með slaghamri og meitlum og tekin úr honum þau verðmæti, er í ákæru greinir.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur um, að ákærðu Ómar Örn og A

hefðu haft undir höndum tékkhefti, sem stolið var í innbrotinu. Var ákærði Ómar Örn yfirheyrður hjá RLR 10. nóvember sl., og viðurkenndi hann að hafa brotist þarna inn ásamt meðákærða A. Kvaðst ákærði Ómar hafa komist inn með þeim hætti, að hann braut víftuspaða, sem var í einhverju loftinntaki. Hann sagði mjög erfitt hafa verið að komast inn, og hefði hann allur verið í málningarslettum, þegar hann komst loks inn. Hann kvað þá hafa opnað peningaskápin með kúbeini og tekið um 140.000 krónur í peningum, um 80.000 krónur í útfylltum tékkum, 900 ameríska dollara auk tékkhefta og pappíra. Ákærði Ómar Örn var aftur yfirheyrður hjá RLR 17. nóvember sl. og var þá spurður nánar um ráðstöfun tékkhefta, sem stolið var í innbrotinu. Skýrði ákærði svo frá, að meðákærði A hefði sagt sér, að Örn Karlsson hefði átt að fá tékkheftin og útfylltu tékkana.

Ákærði A var yfirheyrður hjá RLR 11. nóvember sl. og neitaði þá aðild sinni að ofangreindu innbroti.

2.

Niðurstæða.

Ákærði Ómar Örn viðurkenndi við yfirheyrslur hjá RLR að hafa brotist inn á tveimur stöðum í Kópavogi ásamt meðákærða A, en ákærði hefur við dómsmeðferð málsins horfið frá játningu sinni. Hefur ákærði gefið þá skýringu á breyttum framburði sínum, að hann hafi þurft að annast veikt barn sitt og því skrifað undir játningu til að sleppa við innilokun. Kvaðst ákærði enga sjálfstæða frásögn hafa gefið af því, sem gerðist á innbrotstað, og einungis hafa játað því, sem lögreglumenn lögðu fyrir hann. Ákærði mundi ekki eftir yfirheyrslu hjá RLR viku síðar, er hann var spurður um tækka, sem teknir voru í innbrotinu að Smiðjuvegi 40.

Ákærði A hefur ekki viljað kannast við aðild sína að ofangreindum innbrotum, hvorki hjá RLR né fyrir dómi.

Vitnið Jóhanna Rut lýsti við yfirheyrslu hjá RLR samtali sínu við ákærðu Ómar Örn og A, þar sem þeir viðurkenndu innbrot í húsnæði Efnissöslunnar, en fyrir dómi skýrði vitnið svo frá, að það hefði skrifað undir skýrslu, meðan það sat í gæsluvarðhaldi, en vitnið kvaðst ekki hafa lesið skýrsluna. Vitnið kvaðst hafa verið búið að sitja 5 til 6 daga í gæsluvarðhaldi, þegar skýrslan var tekin, og kvaðst hafa verið á lyfjameðferð. Vitnið kvað efni skýrslunnar rangt og hún tilbúningur.

Rannsóknarlögreglumennirnir Guðni Sigurbjarnason og Gylfi Gylfason skýrðu svo frá fyrir dómi, að ákærði Ómar Örn og vitnið Jóhanna Rut hefðu gefið sjálfstæðar skýrslur af atvikum.

Þegar litið er til þess, að ákærði Ómar Örn lýsir mjög ytarlega aðstæðum

og aðferðum við ofangreind innbrot við yfirheyrslu hjá RLR, og telja verður þrátt fyrir breyttan framburð ákærða og vitnisins Jóhönnu Rutar, sem ekki hefur fengist haldbær skýring á, ekkert komið fram í málinu, sem veiki játningu hans, verður að telja með hliðsjón af framansögðu og að öðru leyti með vísan til gagna málsins nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæðis.

Í máli þessu hafa ekki komið fram önnur gögn, sem benda til sektar ákærða A, en framburður meðákærða Ómars Arnar og vitnisins Jóhönnu Rutar um innbrotið í Efnissöluna hjá lögreglu. Þykir því, eins og hér stendur á, varhugavert að telja fram komna lögfulla sönnun um sekt ákærða A, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákæruliður II.

Sakaferill. Viðurlög:

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ómars Arnar hefur hann frá árinu 1980 hlotið 10 refsíðoma fyrir brot gegn 106., 110., 1. mgr. 155., 244., 254. og 246. gr. almennra hegningarlaga, brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf og umferðarlögum, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú þremur árum og tveimur og hálfum mánuði. Síðast hlaut ákærði dóm 3. nóvember 1992, 15 daga fangelsi fyrir líkamsárás. Hinn 22. janúar 1993 hlaut ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 155 dögum. Samkvæmt upplýsingum sækjanda hefur ákærði ekki afplánað eftirstöðvarnar. Þar sem ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnarinnar, ber því samkvæmt ákvæðum 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að taka upp eftirstöðvarnar og dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem hér er fjallað um, og hina 155 daga óloknu refsivist. Þykir refsing ákærða Ómars Arnar með vísan til 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Skaðabætur.

Varðandi ákærulið I.

Bótakröfur samkvæmt þessum lið beinast gegn ákærðu Ómari Erni og B. Þar sem ákærði B var sýknaður af ákæru í máli þessu, verður með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og reglna 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um óskipta sakaraðild að vísa bóta-kröfunum frá dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ómar Örn Grímsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu, Ómar Örn, B, C og D greiði sakarkostnað þannig, að ákærði Ómar Örn greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 75.000 krónur, ákærði B greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., 75.000 krónur, ákærða C greiði einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 60.000 krónur, og ákærði D greiði einn réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur. Ofangreind ákærðu greiði saksóknarlaun, 75.000 krónur, er renni í ríkissjóð, þannig að ákærði D greiði 1/10 hluta, en ákærðu Ómar Örn, B og C greiði in solidum 9/10 hluta. Allur sakarkostnaður vegna ákærða A greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 40.000 krónur.
